



Reykjavík 23.03.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. mars 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Ný gjaldskyld bílastæði

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. mars 2017, þar sem lagt er til að almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu verði gerð gjaldskyld.

Kolbrún Jónatansdóttir framkv.stj. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Torfi Hjartarson vîkur af fundi undir þessum lið.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. mars 2017

Umhverfis- og skipulagsráð
Hjálmar Sveinssonformaður

Borgartúni 12-14

Efni:

Nýtt gjaldskyldusvæði

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð leggi til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögu um gjaldskyld bílastæði:

Að almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl.09:00 til kl.18:00 virka daga og frá kl. 10:00 til kl. 16:00 á laugardögum.

Eftir að gjaldskylda var sett á á svæðinu þarna í kring hefur mikið borið á að aðilar sem vinna í miðborginni leggi við götur sem ekki er gjaldskylda á. Íbúar við þessar götur hafa því ekki lengur greiðan aðgang að stæðum við heimili sín. Ljóst er, að fenginni reynslu, að með gjaldskyldu er hægt að hafa veruleg áhrif á hverjir noti tiltekin bílastæði og í hvaða tilgangi. Markmiðið er meðal annars að skapa aukið svigrúm fyrir bifreiðar íbúanna.

Kolbrún Jónatansdóttir

Umhverfis- og skipulagsráð
Hjálmar Sveinssonformaður

Borgartúni 12-14

Efni:

Nýtt gjaldskyldusvæði

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð leggi til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögu um gjaldskyld bílastæði:

Að almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl.09:00 til kl.18:00 virka daga og frá kl. 10:00 til kl. 16:00 á laugardögum.

Eftir að gjaldskylda var sett á á svæðinu þarna í kring hefur mikið borið á að aðilar sem vinna í miðborginni leggi við götur sem ekki er gjaldskylda á. Íbúar við þessar götur hafa því ekki lengur greiðan aðgang að stæðum við heimili sín. Ljóst er, að fenginni reynslu, að með gjaldskyldu er hægt að hafa veruleg áhrif á hverjir noti tiltekin bílastæði og í hvaða tilgangi. Markmiðið er meðal annars að skapa aukið svigrúm fyrir bifreiðar íbúanna.

Kolbrún Jónatansdóttir